

Atvinnuvegaráðuneytið

Skúlagata 4

101 Reykjavík

Skilað á samráðsgátt

Reykjavík 26. janúar 2026

Umsögn Landverndar um Drög að Frumvarpi til laga um lagareldi

Inngangur

Landvernd lýsir yfir vonbrigðum með frumvarpið þrátt fyrir að markmið laganna séu skilgreind til þess að skapa sjálfbæra uppbyggingu lagareldis. Að mati Landverndar er lítið að finna í drögunum sem styrkir sjálfbærni iðnaðarins. Þá hefur Landvernd miklar áhyggjur af því að firðir landsins verði kvótavæddir þar sem kvóti *laxamagns* eða *laxahlutar* verði framseljanlegur og veðsetjanlegur. Slík þróun hefur hvorki almannahagsmuni né náttúruvernd að leiðarljósi.

1. gr. Markmið Laganna

Þegar unnið er að regluverki sem efla á sjálfbærni hagkerfisins er mikilvægt að byrja á greiningum á mörkum náttúrunnar og áfallapoli hennar ásamt því að hafðir séu til hliðsjónar viðurkenndir sjálfbærnivísar. Í kjölfar setningar um sjálfbærni uppbyggingar lagareldis í markmiðum laganna er talað um að tryggja verndun villtra nytjastofna. Landvernd bendir á að vistkerfi í hafi og við strendur hafi sjálfstæðan tilverurétt, ekki bara nytjastofnar. Í kjölfarið kemur fram:

„Skal leitast við að tryggja vernd vistkerfa, sjávarbotns og vatnshlota sem og líffræðilega fjölbreytni, varnir gegn mengun, velferð eldisfiska og gæði framleiðslu. Við framkvæmd laganna skal byggt á vistkerfisnálgun og varúðarnálgun“

Landvernd telur ekki ásættanlegt að einungis skuli „leitast við“ að tryggja vernd þessara mikilvægu þátta. Þá telur Landvernd að lögin sjálf þurfi að endurspegla betur vistkerfisnálgun og varúðarnálgun ef byggja á framkvæmd þeirra á þessum mikilvægu þáttum.

Þá er talað um að eldisbúnaður og framkvæmd í lagareldi standist ströngustu staðla en ekki er tilgreint hvaða staðla um er að ræða. Slíkt orðalag er til þess fallið að vekja falskt traust hjá almenningi en mikilvægt er að tilgreina í lagafrumvarpinu hvaða staðla um er að ræða.

Landvernd áréttar mikilvægi þess að staðlar sem greinin verði að uppfylla verði mótaðir á forsendum náttúrunnar sem er almannaeign en ekki á forsendum iðnaðarins sjálfs.

5. gr. Burðarþolsmat, vöktun og rannsóknir

Landvernd minnir á [áskorun](#) sem 16 náttúruverndarsatök sendu á Alþingi nýlega þar sem bent er á að burðarþolsmat hefur þróast í leið til að komast hjá gildandi umhverfislöggjöf.

„Auðlindir hafsins umhverfis Ísland eru ein af meginstöðum tilveru okkar. Það er dýrkeypt að spilla þeim. Sjálfsögð krafa er að öll atvinnustarfsemi fari eftir lögum sem hafa verið sett til að vernda þessar dýrmætu auðlindir þjóðarinnar. Ekki á að leyfa neinar hjáleirðir sem skaðar þær. Samstaða um hafvernd er grundvöllur velferðar þjóðarinnar og lífríkisins.“

Að greiða fiskeldisfyrirtækjum leið fram hjá lögum um stjórn vatnamála og lögum um mengun hafs og stranda er í fullkominni andstöðu við markmið laganna um vistkerfisnálgun og varúðarreglu. Eðlilegt er að öll starfsemi lúti sömu reglum og þar skuli mengunarbótareglan vera höfð í hávegum.

6. gr. Áhættumat erfðablöndunar

Landvernd gerir alvarlegar athugasemdir við að framkvæmd áhættumats verði að stórum hluta fært undir reglugerðarvald ráðherra. Álit Hafrannsóknarstofnunar verði að sama skapi ekki bindandi. Þegar tryggja á sjálfbærni iðnaðarins er lykilatriði að ákvarðanir byggji á vísindalegum grunni. Lögin verða að endurspegla slíka nálgun. Sagan hefur sýnt að aukinna varúðarráðstafanna er þörf. Árið 2023 sluppu laxar frá Arctic Fish og syntu upp í ár mun víðar um landið en áhættumatið taldi mögulegt.

Þörf er á endurskoðun sem byggir á vísindalegum grundvelli og varúðarreglu. Landvernd leggur áherslu á að við áhættumatið verði að byggja á því að fiskur sleppi ekki. Mótvægisáðgerðir eftir að frjór lax hefur sloppið eru einungis til skaðaminnkunnar en eru óáreiðanlegar áðgerðir og koma ekki í veg fyrir skaða. Er þar vísað til rekköfunnar.

7. gr. Vöktun í ám

Hér er um að ræða mótvægisáðgerð sleppi fiskur úr sjókvíjum. Landvernd áréttar það sem stendur hér að ofan, að frumvarpið eigi að leggja meiri áherslu á forvarnir en mótvægisáðgerðir. Ljóst er að hægt er að fyrirbyggja þá mengunarahættu sem ákvæðinu er ætlað að bregðast með því að leyfa ekki eldi á frjóum laxi í opnum sjókvíum.

8. gr. Staðbundið bann við starfsemi

Í fyrri drögum frumvarpsins sem lagt var fram af síðustu ríkisstjórn stóð til að vernda Eyjafjörð og Öxarfjörð. Í frumvarpi þessu er staðbundið bann útfært með reglugerð með ráðherravaldi. Það er mikil afturför og Landvernd hvetur ráðherra til að lögfesta staðbundið bann á þessum stöðum þar sem kannanir sýna að íbúar vilja ekki opið sjókvíaeldi. Að auki hvetur Landvernd ráðherra til að bæta Seyðisfirði í hóp svæða þar sem staðbundið bann skuli ríkja þar sem íbúar Seyðisfjarðar eru andvígir áformunum. Þrátt fyrir sterka andstöðu á svæðinu og plássleysi virðist leyfisumsóknin eiga að fá ótrúlegan framgang með undanþágum. Þá atburðarás verður Ráðherra að stöðva með því að tryggja staðbundið bann í firðinum.

Landvernd telur óboðlegt að leyfa eigi lokaðar eða hálflokaðar kvíar inni á bannsvæðum. Allri fiskeldisstarfsemi fylgir áhætta og það er í andstöðu við varúðarnálgun að heimila slíka starfsemi inni á svæðum þar sem staðbundið bann ríkir.

Það væri heldur í anda varúðarnálgunar að hvetja í auknum mæli starfandi sjókvíaeldi til að færa sig yfir í lokaðar kvíjar þar sem þær eru öruggari og umhverfisvænni kostur. Ef lokaðar kvíjar eiga eingöngu að vera til viðbótar við þá starfsemi sem er nú þegar til staðar er sjálfbærni greinarinnar ekki bætt heldur áhættan aukin.

Þá gerir Landvernd athugasemdir við að bæta eigi rekstrarleyfishöfum tjón ef vísindalegar sannanir og umhverfisáhrif verða til þess að hætta skuli mengandi starfsemi á tilteknu svæði. Landvernd telur ekki að almenningur eigi að greiða fyrir slíkt á meðan hvergi er viðurkennd skaðabótaskylda gagnvart almenningi verði náttúran fyrir tjóni. Náttúra Íslands er almannaeign.

VII. kafli 39. -42. gr. Laxahlutur

Í 2. mgr. 39. gr. frumvarpsins er tekið fram að úthlutun og skráning laxahlutar samkvæmt lögnum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir heimildum til eldis á frjóum laxi. Um er ræða sama orðalag og fram kemur í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða.

Í 40. gr. Frumvarpsins er hins vegar heimild til framsals laxahlutar gegn endurgjaldi. Í 109. gr. er svo kveðið á um heimild til veðsetningar.

Landvernd mótmælir harðlega kvótavæðingu Íslenskra fjarða þar sem rekstrarleyfishafi sem hefur fengið úthlutaðan laxahlut getur selt hann, leigt eða veðsett og þannig fénytt hann án þess að stunda sjálfur leyfissskylda starfsemi.

Íslensk náttúra er almannaeign og leyfi í formi laxahluta er í raun leyfi til að menga sameiginlega eign Íslendinga. Með því að gera slíkt leyfi framseljanlegt og veðsetjanlegt er kominn hvati til að hámarka algjörlega nýtingu íslenskra fjarða með sem mestri útgáfu leyfa sem einkaaðilar geti síðan hagnast á með framsölu.

Landvernd telur best að fella ákvæði um laxahlut alfarið burt úr frumvarpinu.

10. kafli, Lús

Laxalús er stórt vandamál og ógnar bæði eldislaxi og villtum laxfiskum. Mikið hefur verið um háleitar hugmyndir um tækni sem komi til með að útrýma lúsinni og hér áður var fullyrt að lús yrði aldrei vandamál hér við land vegna þess hve kaldur sjórinn væri. Þetta hefur ekki staðist og mikilvægt er að viðmið verði sett um hvað teljist ásættanlegt magn af lús. Það stendur hvorki til í lögum þessum né er það ráðherra að setja í reglugerð.

Laxalús fylgir mikil eiturefnanotkun sem skaðar umkringjandi lífríki í opnum sjókvíjum. Mikilvægt er að setja viðurlög við því að lús sé of mikil eða að eiturefnanotkun sé of mikil.

Lokaorð

Frumvarp þetta er tilraun til að setja trúverðugt regluverk utan um iðnað sem skaðar náttúru og lífríki en mistekst það. Vinnan við trúverðugt regluverk byrjar á því að rannsaka þolmörk náttúrunnar og byggir á því að sjálfbærnivísar liggi til grundvallar. Verði niðurstaða slíkra rannsókna sú að ómögulegt sé að stunda fiskeldi á Íslandi með sjálfbærum hætti er eðlilegt að stefnt verði að því að draga úr starfseminni eða færa hana í sjálfbærari farveg líkt og með því að færa hana upp á land. Landvernd hvetur ráðherra til þess að endurskoða frumvarpið með þá nálgun að leiðarljósi.

Fyrir hönd Landverndar,

Þorgerður M Þorbjarnardóttir

Formaður